

Fimmtudaginn 25. nóvember 1993.

Nr. 439/1990. **Ámundi Loftsson**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Siglfirðingi hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Sjómannalög. Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1990. Hann krefst þess, að stefndi greiði 253.807,50 krónur með dráttarvöxtum frá 15. mars 1987 til greiðsludags, allt að frádregnum 113.353 krónum, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst og staðfestingar sjóðveðsréttar í frystitogaranum Siglfirðingi, SI-150, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í ljós er leitt, að áfrýjandi var afskráður úr skiprúmi 26. nóvember 1986. Gegn andmælum stefnda er ósannað af áfrýjanda hálfu, að hann hafi farið í launalaust frí eftir þann tíma. Rekstrarstjóri stefnda hefur borið, að áfrýjandi hafi þá haft orð á því, að hann væri hættur og ætlaði að snúa sér að búskapnum, en hann ætlaði að „fá að fara túr og túr“. Með hliðsjón af þessu og málsatvikum að öðru leyti er nægilega í ljós leitt, að áfrýjandi hafi sjálfur litið svo á, að fastri ráðningu sinni hafi lokið í lok veiðiferðar í nóvember 1986. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ámundi Loftsson, greiði stefnda, Siglfirðingi hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 11. september 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 20. ágúst sl., höfðaði Ámundi Loftsson sjómaður, kt. 300553-4869, Lautum, Reykdælahreppi, S.-Þingeyjarsýslu, fyrir bæjarþingi Siglufjarðar gegn Siglufirðingi hf. á Siglufirði, kt. 580679-0729, með stefnu, birtri 16. nóvember 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð 253.807,50 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum]. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ, og loks krefst hann staðfestingar á sjóveðsrétti í Siglufirðingi, SI-150 (B-1407), fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Stefnandi segir málavexti þá, að hann hafi ráðið sig til starfa sem háseta á frystitogara stefnda, Siglufirðing, SI-150, um mitt ár 1985, og hafi hann verið við störf hjá fyrirtækinu eftir það. Í desember 1986 kveðst stefnandi hafa farið í launalaust leyfi með samþykki útgerðar, enda hafi verið venja, að menn tækju sér regluleg leyfi frá störfum á frystitogurum. Stefnandi hafi síðan átt að koma til starfa að nýju í janúar, en fékk frí vegna veikinda konu sinnar, og hafi hann því átt að koma til starfa í aðra veiðiferð ársins 1987, það er febrúartúr. Í lok janúarmánaðar lenti stefnandi í bílslysi og var frá vinnu vegna þess í annarri veiðiferð, í febrúar og mars 1987. Stefnandi hafi síðan komið aftur til starfa í fjórðu veiðiferð, er hann var orðinn vinnufær að nýju. Stefnandi hafi afhent stefnda vottorð læknis vegna óvinnufærni sinnar, þar sem hann átti rétt til greiðslu launa í forföllum sínum, eins og lög og kjarasamningar segja til um, enda verið ráðinn hjá útgerðinni í um það bil tvö ár. Stefnandi kveðst síðan hafa fengið innborganir á forfallalaun sín, samtals að fjárhæð 113.535 kr., í mars og apríl 1987, en fékk ekki uppgerðar veiðiferðirnar frekar. Stefnandi kveðst hafa gengið eftir því að fá veiðiferðirnar greiddar að fullu, bæði áður en farið var í fjórðu veiðiferð og eftir að hann kom í land úr þeirri ferð. Vegna þess að stefnandi fékk ekki uppgert, hætti hann störfum hjá fyrirtækinu, er halda skyldi í fimmtu veiðiferð, enda telji hann sig í fullum rétti, bæði vegna verulegs dráttar á launagreiðslum svo og vegna þess, að hann hafi verið boðaður til skips í fimmtu veiðiferð, án þess að skipið væri sjóklárt, og að auki hafi hann tilkynnt útgerð, að hann myndi ekki koma til starfa, nema hann fengi inneign sína greidda. Stefnandi kveðst síðan oftsinnis hafa gert tilraun til að fá laun sín greidd, en það ekki tekist.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfur sínar þannig: Laun í annarri veiðiferð 73.833,00 kr. Laun í þriðju veiðiferð, hlutur 156.463,00 kr., fata-peningar 2.280,00 kr., akstursreikningur 5.037,50 kr., orlof 10,17% 16.144,00 kr. Samtals 253.807,50 kr. Til frádráttar þessu komi 113.353,00 kr., sem greiddar voru stefnanda á tímabilinu 5. 3. 1987 til 15. 4. 1987.

Stefndi segir málavexti þá, að 25. september 1986 hafi verið gert samkomulag við Siglufjarðarkaupstað til fimm ára þess efnis, að stefndi skuldbyndi sig til að sjá til þess, að starfsmenn stefnda yrðu allir sem einn skráðir með lögheimili sitt á Siglufirði, svo að útsvarsgreiðslur þeirra rynnu til kaupstaðarins. Í þessu samkomulagi hafi verið tekið fram um aðlögunartíma, þó þannig, að 30. nóvember 1986 skyldu skipverjar, sem ekki hefðu þegar átt lögheimili á Siglufirði, vera búnir að tilkynna lögheimilisflutning til Siglufjarðar. Í samkomulaginu hafi sérstaklega verið tekið fram, að aðilar hafi verið sammála um, að í skammtímaráðningu, það er í einn og einn tús, þyrfti ekki að koma til lögheimilisflutnings.

Með bréfi, dags. 15. sept. 1986, sbr. dómskjal nr. 14, hafi öllum aðkomumönnum á Siglufirðingi, SI-150, verið tilkynnt, að flyttu þeir ekki lögheimili sitt til Siglufjarðar, teldist ráðningu þeirra þar með lokið á skipinu. Var við það miðað, að það hefði verið gert í síðasta lagi um miðjan nóvember 1986. Í lok nóvember 1986, þegar skipið kom úr veiðiferð, er hófst 24. október, gengu allir utanbæjarmenn frá lögheimilisflutningi til Siglufjarðar, sbr. dómskjal nr. 16-19, nema stefnandi, sbr. dskj. nr. 15. Þar sem stefnandi fullnægði ekki skilyrðum um lögheimilisflutning til Siglufjarðar, var ráðningu hans þar með lokið á skipinu og hann afskráður 26. nóvember 1986. Í desembermánuði 1986 hefur stefnandi síðan samband við rekstrarstjóra stefnda, Stefaníu Sigurbjörnsdóttur, sbr. dskj. nr. 12, og staðfestir, að hann muni ekki ætla sér að flytja lögheimili sitt til Siglufjarðar, heldur snúa sér að búskapnum, en hann var talinn reka svínabú að Lautum í Reykjadal, Þingeyjarsýslu. Kom ráðning hans þar af leiðandi ekki til greina, það er að segja, að hann yrði fastráðinn á skipið, en með heimild í samkomulagi Siglufjarðarkaupstaðar og stefnda kom vel til greina skammtímaráðning, það er að segja einn og einn tús. Í janúarmánuði 1987 bað hann um pláss, sem hann og gat fengið, en hætti sjálfur við. Í febrúar sama ár hafði stefnandi samband við skipstjóra skipsins, sbr. dskj. nr. 11 og 12, og segist hafa slasast í bílslysi, en hafi fullan hug á að komast í afleysingar tús og tús, þegar hann sé gróinn sára sinna. Í marsmánuði sama ár hefur stefnandi enn samband við skipstjóra og vill fá að komast með í aprílferðina. Varð úr, að hann var ráðinn á skipið í þessa veiðiferð, enda vildu margir taka sér frí þá ferð. Í framhaldi af því bauð skipstjóri honum að fara annan tús, sem hann þáði, en kom ekki til skips án þess að gefa á því skýringu.

Þá hefur stefndi mótmælt eftirfarandi fullyrðingum stefnanda í stefnu sem röngum eða villandi, að stefnandi hafi farið í launalaust fri í desember með samþykki stefnda, að stefnandi hafi fengið leyfi stefnda að koma ekki að nýju í janúartúrinn og að stefnandi hafi átt að koma í aðra veiðiferð skipsins, febrúartúrinn. Þá hefur stefndi og mótmælt því sem röngu, að greiðslur þær, sem stefnandi fékk greiddar í mars og apríl 1987, hafi verið upp í slysakaup og þar með hafi greiðslur þessar fólgið í sér viðurkenningu á slysakaupsrétti stefnanda á hendur stefnda.

Stefnandi kom fyrir dóm 20. ágúst sl. Aðspurður kveðst hann ekki hafa fengið eða muna til þess að hafa fengið bréf, a. m. k. hafi það ekki borist í ábyrgðarbréfi, sem staðfest hefur verið af póstafgreiðslunni á Siglufirði með vottorði, út gefnu 20. ágúst 1990, en að sér hafi verið kunnugt efni bréfsins, það er, að skipverjar á Siglfirðingi, SI-150, þyrftu að flytja lögheimili til Siglufjarðar fyrir 15. nóvember 1986 til þess að halda föstu starfi sínu á skipinu. Þá kvaðst stefnandi hafa ráðfært sig við Ragnar Ingólfsson, starfsmann á lögfræðiskrifstofu Arnar Clausen, um mál þetta, og hafi hann eindregið hvatt stefnanda til að flytja lögheimili sitt, þar sem starf hans væri í húfi. Þá hafi stefnandi einnig skýrt oddvita Reykdælahrepps frá þessum kostum, sem sér hafi verið settir, og hefði oddvitinn tjáð sér, að hreppsnefnd myndi ekki gera neinar athugasemdir við lögheimilisflutninginn. Í framhaldi af þessu kvaðst stefnandi fljótlega hafa tekið ákvörðun um að verða við þeim tilmælum, sem komu fram í bréfinu. Stefnandi segist þó ekki hafa verið búinn að flytja lögheimili sitt seinni hluta nóvember, en hann telji sig hafa gert ráðstafanir til, að flutningur yrði gerður fyrir sína hönd, því að Sigþóra Gústafsdóttir, kona annars eigenda Siglfirðings, SI-150, Gunnars Júlíussonar, hafi komið með pappira um borð, sem aðrir hafi útfyllt, en það hafi verið, eftir að hann fór frá borði, þar sem flugvél beið eftir sér á Siglufjarðarflugvelli. Hann hafi síðar haft samband við Sigþóru og talið, að hún myndi sjá um flutninginn. Það hafi ekki verið fyrr en í janúar 1987, að sér varð ljóst, að lögheimili sitt hafði ekki verið flutt til Siglufjarðar. Hafi hann þá haft samband við Sigþóru og Stefaníu Sigurbjörnsdóttur um mál þetta, en þær ekki viljað kannast við að hafa átt að sjá um flutninginn. Því hafi stefnandi talið sig vera fastráðinn á skipinu, þar til hann fékk launamiða frá útgerð Siglfirðings í janúar 1987, en þar hafi komið fram, að hann var enn skráður til heimilis að Lautum í Reykjadal. Stefnandi kveðst aðspurður ekki hafa vitað um þann möguleika, að hann ætti kost á að fá túr og túr á skipinu, enda talið sig vera fastráðinn. Hann segist aðspurður ekki hafa haft færi á að flytja lögheimili sitt þennan síðasta túr í nóvember 1986, þar sem hann hafi þurft að fara á flugvöllinn, strax og hann kom í land, eins og hann hafi áður sagt. Aðspurður segir stefnandi, að hann hafi ekki tekið dót sitt með sér, heldur hafi sér verið

sent það. Þá hafi aldrei verið rætt um endurráðningarsamning við sig.

Ragnar Ólafsson, eigandi stefnda, kom fyrir dóm sama dag. Hann skýrði svo frá, að öllum hlutaðeigandi hefði verið sent bréf, enda hefði efni bréfsins verið rætt um borð og meðal annars einn skipverji hætt vegna þessa. Þá hafi þeir Ámundi rætt um, að Ámundi gæti fengið túr og túr, þar sem hann gæti ekki flutt, enda hygðist hann snúa sér að búskap. Stefnanda hafi síðan verið boðinn túr í desember, sem hann hafi þegið, en síðan hringt og sagst ekki geta komið vegna einhverra atvika. Mætti segist síðan hafa frétt, að stefnandi hafi lent í slysi; hann hafi hringt til sín skömmu seinna og spurt, hvort hann gæti fengið túr, og hafi mætti skýrt honum frá því, að svo gæti farið. Þá sagði mætti, að stefnandi hefði ýmist verið að flytja eða ekki að flytja. Meðal annars hefði hann komið ásamt konu sinni til að skoða íbúðir og beðið fólk um að leita að íbúð fyrir þau hjón. Mætti segir, að þær greiðslur, sem Ámundi hafi fengið á vordögum, hafi verið inntar af hendi upp í væntanlega túra hans, en Ámundi hafi verið mjög illa stæður á umræddu tímabili. Mætti segir aðspurður, að skipverjar á Siglfirðingi hafi flutt lögheimili sitt á skrifstofu félagsins, en það hafi verið bráðabirgðalausn, þangað til varanleg lausn myndist.

Þá segir mætti aðspurður, að hann muni til þess, að Sigþóra hafi verið með einhverja pappíra um borð í eldhúsi skipsins, þar sem meðal annarra hafi verið Ámundi Loftsson, stefnandi máls þessa. Mætti segir aðspurður, að Ámundi hafi lýst yfir við sig, að hann ætlaði ekki að flytja vegna breyttra forsendna, þar sem hann væri að taka við búi tengdaföður síns.

Vitnið Stefanía Sigurbjörnsdóttir kom fyrir dóm sama dag. Hún skýrir svo frá, að Ámundi, stefnandi máls þessa, hafi tilkynnt, að hann væri hættur, en hann vildi fá túr og túr, ef hægt væri. Mætta segist ekki hafa verið beðin að sjá um flutning Ámunda. Mætta segist hafa fengið vitneskju um, að stefnandi hefði lent í slysi, þegar læknisvottorð hefði borist á skrifstofuna, en hún hefði ekkert gert með það vottorð, þar sem stefnandi hefði verið hættur á skipinu. Þá hafi stefnandi hringt í sig kerfisbundið og beðið um peninga, og var honum því greitt inn á væntanlega túra, aðallega vegna samúðar, þar sem hann hafi verið mjög illa staddur fjárhagslega, er þetta var. Vitnið segir aðspurt, að það sé ekkert nýnæmi að greiða fyrir fram, það sé iðulega gert á skipum sem þessum, þar sem búið var að lofa Ámunda túr og túr. Vitnið segir þessar greiðslur ekki hafa verið neina viðurkenningu á slysakaupsrétti stefnanda. Greiðslur þessar hafi viðgengist og ekki verið einungis til Ámunda, en þær hafi miðast við það, að veðsetning sé vikulega og því oft um vikulegar fyrirframgreiðslur að ræða. Vitnið segir aðspurt, að Ámunda hafi verið lofað tveimur túrum, en hann ekki komið í seinni túrinn. Þá segir vitnið aðspurt, að þegar stefnandi hafi krafist veikinda-

kaups, hafi hann talað um, að Sigþóra hafi ætlað að sjá um flutning á lögheimili sínu.

Vitnið Sigþóra Gústafsdóttir kom fyrir dóm sama dag. Vitnið segist ekki hafa lofað stefnanda að sjá um, að lögheimili hans yrði flutt, hún hafi einungis eftir beiðni nokkurra skipverja útvegað þeim eyðublöð, sem þeir myndu síðan fylla út og hún tæki hjá þeim aftur, og skyldi hún koma þeim á skrifstofu bæjarsjóðs Siglufjarðar. Það hafi aldrei verið ætlun vitnisins að sjá um þennan flutning fyrir þessa aðila, heldur eingöngu að sendast með þessa pappíra. Löngu seinna hafi stefnandi hringt í sig, og hafi vitnið þá sagt honum, að hann sæi sjálfur um sín mál, þar sem hann hafi ekki fyllt út blöðin sjálfur, eins og hinir strákarnir hefðu gert. Vitnið segir, að því hafi algjörlega verið ókunnugt um, hvort stefnandi myndi flytja eða hafi flutt á sínum tíma. Vitnið segir aðspurt, að það hafi ekki verið starfsmaður Siglufirðings hf.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi krefst greiðslu launa í veikindaforföllum og reisir kröfu sína á 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985, sbr. gr. 1.14. í kjarasamningi aðila. Í munnlegum málflutningi lagði lögmaður stefnanda áherslu á, að stefnandi hefði verið ráðinn skipverji á Siglufirðingi, SI-150, honum hefði ekki borist bréf það, sem um hafi verið rætt í málinu, en honum þó verið ljóst efni þess. Hann hefði á sínum tíma gert viðhlítandi ráðstafanir til þess að fá lögheimili sitt flutt, og hefði Sigþóra átt að sjá til þess og útgerðin því átt að fylgja flutningnum eftir. Útgerðin hefði átt að gera skriflegan ráðningarsamning, en gert sé ráð fyrir því í lögum, og uppsögnin einnig þurft að vera skrifleg, enda sé uppsagnarfrestur á íslenskum fiskiskipum samkvæmt 9. gr. sjómannalaga aðeins sjö dagar; því sé gert ráð fyrir því, að uppsögnin sé skrifleg. Því sé afskráning ein ekki sönnun þess, að ráðningarsamningi sé slitið, og því hafi stefnandi litið svo á, að hann væri ennþá starfsmaður stefnda, er hann lenti í slysinu, enda beri að skrá sérstaklega, ef um tímabundna ráðningu sé að ræða, en slíkt hafi ekki verið gert. Kröfu sína um greiðslu orlofs styður stefnandi við grein 1.18. í kjarasamningi svo og orlofslög. Kröfu sína um sjóveð reisir stefnandi á 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985, en um vexti vísar hann til ákvæða vaxtalaga nr. 25/1987, aðallega 10. og 12. greinar. Um málskostnað er vísað til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 184. gr. sömu laga, ef komi til framlagningar málskostnaðarreiknings.

Stefndi hefur neitað greiðsluskyldu sinni, þar sem stefnandi hafi ekki verið í hans þjónustu, þegar slysið varð, og krefst sýknu með vísun til 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Stefnandi hafi slasast í bílslysi í lok janúar 1987, en ráðningartíma hans hjá stefnda hafi lokið í nóvember-

lok 1986. Þar sem stefnandi hafi lýst yfir, að hann myndi ekki flytja lögheimili sitt til Siglufjarðar, hafi uppsögnin tekið gildi, er hann kom úr veiðiferðinni í lok nóvember 1986. Það sé því ekki rétt hjá stefnanda, að fast starfssamband hafi verið með honum og stefnda, er bílslysið varð, og þótt stefnandi hafi getað vænst þess og það jafnvel verið fastmælum bundið, að hann gæti fengið tímabundna ráðningu, túr og túr í samræmi við samkomulag Siglufjarðarkaupstaðar og stefnda, gat ekki falist í því skuldbinding fyrir stefnda, nema stefnandi tæki starfið að sér. Því geti stefndi ekki borið áhættuna af því, að stefnandi gat ekki ráðið sig á skipið vegna meiðsla, sem hann hafði orðið fyrir í bílslysi. Þá sé það og ekki rétt hjá stefnanda, að Sigþóra Gústafsdóttir hafi tekið að sér í umboði stefnda að fá lögheimili stefnanda flutt til Siglufjarðar, eins og samkomulagið gerði ráð fyrir.

Niðurstaða.

Í máli þessu er eingöngu deilt um það, hvort stefnandi hafi verið í föstu starfi sem skipverji á Siglfirðingi, SI-150, eign stefnda, er hann slasaðist í bílslysi í lok janúarmánaðar 1987. Eins og gögnum málsins og atvikum er háttað, verður að leggja til grundvallar, að stefnanda var kunnugt um það skilyrði til áframhaldandi fastráðningar að flytja lögheimili sitt til Siglufjarðar fyrir 15. nóvember 1986. Stefnandi hefur haldið því fram, að Sigþóra Gústafsdóttir hafi ætlað að sjá um að flytja lögheimili hans. Sigþóra kom fyrir dóminn og hefur neitað, að svo hafi verið. Hinn 15. sept. 1986 ritar Stefanía Sveinbjörnsdóttir, þá rekstrarstjóri Siglfirðings hf., eftirfarandi bréf öllum skipverjum, sem ekki áttu lögheimili á Siglfirði:

„Ágæti skipverji.

Eins og fram kom við upphaf veiðiferðarinnar 15. ágúst, er ætlunin, að þann 15. nóvember 1986 verði allir skipverjar á Siglfirðingi, SI-150, með lögheimili á Siglfirði.

Með tilliti til þessa er ætlast til, að skipverjar geri viðhlitandi ráðstafanir, ella er litið svo á, að ráðningu sé slitið.

Með vinsemd,

Siglfirðingur hf.

Stefanía Sigurbjörnsdóttir.“ Sbr. dskj. nr. 14.

Stefnandi hefur sjálfur borið fyrir rétti, að sér hafi verið kunnugt um þetta bréf og þetta skilyrði, og var honum því í lófa lagið, ef vilji hefði verið til, að flytja lögheimili sitt til Siglufjarðar, frá því í ágúst og til 15. nóvember 1986. Þennan flutning gat hann vel framkvæmt hjá hvaða mannatalsskrifstofu á landinu sem var og látið senda til Siglufjarðar. Þetta gerði stefnandi ekki, og var starfi hans hjá stefnda því lokið í endaðan nóvember 1986.

Samkvæmt framansögðu á stefnandi ekki rétt til þess að fá forfallalaun úr hendi stefnda á grundvelli 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Mjög hefur dregist, að málflutningur í máli þessu gæti farið fram, og kom þar ýmislegt til. Er þar fyrst að nefna, að tíð lögmanskripti urðu á lögmannsstofu Arnmundar Backman, lögmanns stefnanda í máli þessu, einnig það, að erfitt var að ná vitnum og aðilum málsins til dóms á sama tíma, og einnig, að lögmenn gætu komið sér saman um málflutnings-tímenn. Þá hefur veður og hamlað málflutningi, eftir að hann var ákveðinn. Þykir því rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Siglfirðingur hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ámunda Loftssonar.

Stefnandi skal greiða stefnda málskostnað, að fjárhæð 55.000 kr., innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
